

Samþykkt ályktun um samstarfsvettvang um menntun og skólastarf

Sjötta þing KÍ haldið 1. – 4. apríl 2014 telur brýnt að efla samstarf milli þeirra hagsmunaaðila er láta sig menntun og skólastarf varða. Þingið samþykkir að fela stjórn KÍ að hafa frumkvæði að því að skapa samstarfsvettvang í því skyni og leita samstarfs þar um m.a.við skóla sem mennta kennara, menntamálayfirvöld, rekstraráðila skóla, samtök foreldra/forráðamanna og nemenda.

Markmiðið með slíku samstarfi væri að:

- skapa lifandi samræðuvettvang um málefni kennaramenntunar og kennarastarfsins,
- auka tengsl fræða og starfsvettvangs,
- liðka fyrir upplýsingamiðlun og skoðanaskiptum um þau margvíslegu mál sem varða kennaramenntun, skólastarf og starfsemi þeirra aðila sem að samstarfinu koma.

Þingið hvetur þá aðila sem málið varðar að styrkja þetta samstarf eins og kostur er.